



Grein birt 27. júní 2012

Tinna Kristbjörg Halldórsdóttir og Sigrún Harðardóttir

„Þá bara hætti ég, ég hef ekkert aðra leið“¹

Fjölgreinabraut í Menntaskólanum á Egilsstöðum

Hér birtist önnur greinin úr röð greina frá Menntaskólanum á Egilsstöðum. Í greinarröðinni taka höfundar saman og lýsa úrræðum og þjónustu við nemendur með sérþarfir; sérstaklega nemendur með ADHD, sértæka námserfiðleika auk sálfélagslegra vandkvæða. Um þessar mundir stendur yfir vinna við nýja skólanámskrá á grundvelli laga um framhaldsskóla nr. 92/2008 og höfundum finnst mikilvægt að líta yfir það sem gert hefur verið undanfarin ár til að þróa enn frekar þjónustu við nemendur með fjölpætta erfiðleika. Menntaskólinn á Egilsstöðum er bóknámsskóli sem leggur sig fram við að mæta þörfum fjölbreytts nemendahóps eins og sjá má af námsframboði skólans. Auk hefðbundinna stúdentsbrauta er boðið upp á framhaldsskólabraut og starfsbraut fyrir fatlaða. Ennfremur eru í boði ýmsar stuttar starfsnámsbrautir kenndar í fjarnámi í samvinnu við aðra skóla. Í rúman áratug, eða frá því að almenn braut var sett á laggirnar árið 2001, hefur verið unnið markvisst að ýmsum þróunarverkefnum í skólanum. Sérstök nemendapjónusta heldur utan um stuðningsúrræði og þróun þeirra. Tilraunaverkefni með heimanámsaðstoð² leiddi til þess að frá 2005 hefur sérstakur áfangi eða námsver verið í boði fyrir nemendur á almennri braut, nú framhaldsskólabraut; nemendur með ADHD eða aðra sértæka námserfiðleika. Þar er kennd námstækni og nemendur fá aðstoð við heimanám. Annað tilraunaverkefni fólst í að þróa svokallaða fjölgreinabraut sem tilbrigði við almenna braut. Sú braut var reynd í tvö ár en rann aftur saman við almenna braut. Eftir það var unnið með kennurum á almennri braut að tilraunaverkefni sem fólst í því að styrkja trú nemenda á eigin getu með kenningar Alberts Bandura³ um trú á eigin getu (e. *self-efficacy*) að leiðarljósi. Í þessari grein er fjallað um tilraun höfunda með fjölgreinabraut skólaárið 2007–2008.

Sigrún Harðardóttir er námsráðgjafi og kennari við Menntaskólann á Egilsstöðum og Tinna Kristbjörg Halldórsdóttir er verkefnisstjóri nemendapjónustu við skólann.

¹ Greinin er byggð á skýrslu eftir höfunda frá 2008. Hún ber heitið „Ég hefði ekki tímt að sleppa þessu“: Skýrsla um fjölgreinabraut við ME 2007–2008.

² Sjá fyrri grein, Sigrún Harðardóttir og Tinna Kristbjörg Halldórsdóttir. (2011). Einstaklingsmiðað nám í framhaldsskóla: Sérstakur stuðningur við nemendur á almennri braut. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2011/alm/004.pdf>.

³ Bandura, A. (1997). *Self-efficacy: The exercise of control*. New York: Freeman.

Inngangur

Markmið þessarar greinar er að kynna það starf sem unnið var á fjölgreinabraut Menntaskólans á Egilsstöðum skólaárið 2007–2008. Fjölgreinabrautin var stofnuð sem nýtt úrræði fyrir nemendur með náms- og sálfélagslega erfiðleika. Nemendur með slíkan bakgrunn höfðu margir fallið brott frá námi þar sem ekki hafði tekist að koma til móts við þá með þeim úrræðum sem fyrir voru innan skólans og lítið hafði dregið úr brottfalli þrátt fyrir tilkomu almennrar brautar árið 2001.

Í greininni er fjallað um aðdraganda að stofnun brautarinnar, nemendahópin á brautinni og námið sem þar var boðið upp á. Einnig er lýst mati á árangri af tilraunaverkefninu en við það var beitt bæði eigindlegum og meginlegum aðferðum. Í lok greinarinnar eru hugleiðingar höfunda reifaðar með tilliti til áframhaldandi þróunar á úrræðum fyrir nemendur eins og þá sem brautina sóttu.

Tilraunaverkefnið í hnotskurn

Haustið 2007 var ákveðið að koma á fót fjölgreinabraut við Menntaskólann á Egilsstöðum (ME) með það að markmiði að koma til móts við þá nemendur sem stóðu höllum fæti í námi og glímdu auk þess við sálfélagslega erfiðleika.

Með stofnun almennrar brautar í ME árið 2001 fjölgaði við skólann nemendum sem glíma við ýmiss konar hindranir sem geta haft áhrif á nám. Sífellt meiri áhersla hefur verið lögð á það innan skólans að þróa ýmis konar stuðningsúrræði fyrir þessa nemendur. Þau úrræði hafa gagnast mörgum en síst þó þeim nemendum sem glíma við fjölþættan vanda og lítið dró úr brottfalli úr þeim hópi. Til að koma betur til móts við þá nemendur og leitast við að koma í veg fyrir brottfall þeirra úr námi hefur nemendabjónusta skólans unnið markvisst að rannsóknar- og þróunarverkefnum á undanfórnum árum. Tilraunaverkefnið sem sagt er frá í þessari grein sprettur úr því starfi.

Greining á brottfallshópnum í ME frá upphafi almennrar brautar árið 2001 leiddi í ljós að námsleg staða þeirra nemenda sem höfðu fallið frá námi var afar slök. Auk þess höfðu þeir átt við ýmsan annan vanda að stríða. Þessir nemendur höfðu í grunnskóla flestir verið með einstaklingsnámskrá í einni eða fleiri greinum, nokkrir þeirra höfðu tekið einhver samræmd próf með afar slökum árangri og sumir engin samræmd próf.

Við undirbúningsvinnu í tengslum við stofnun fjölgreinabrautar fóru tveir starfsmenn ME í heimsókn í Lækjarskóla í Hafnarfirði og kynntu sér skipulag fjölgreinabrautar sem rekin var þar í samvinnu við Flensborgarskóla og var miðuð að þörfum þessa nemendahóps. Við undirbúning fjölgreinabrautar í ME voru eftirfarandi markmið höfð að leiðarljósi:

- Að bjóða upp á nám sem kæmi til móts við þarfir nemenda með slakan undirbúning úr grunnskóla.
- Að byggja á styrkleikum hvers og eins.
- Að vinna að virku samstarfi við foreldra.
- Að styrkja sjálfsmynd og félagsfærni nemenda og efla seiglu þeirra.
- Að aðstoða nemendur við að gera sér raunhæfa áætlun um framtíðina út frá því hvort þeir væru að stefna á frekara nám eða vinnumarkað.

Ákveðið var að meta starfið á fjölgreinabrautinni reglulega og bregðast við hindrunum sem gætu komið í ljós með því að þróa jafnóðum nýjar leiðir að markmiðum.

Ljóst var frá upphafi að þetta nýja úrræði yrði kostnaðarsamt og umfangsmikið. Því var ákveðið að kynna fyrirhugað verkefni fyrir bæjaryfirvöldum á Fljótsdalshéraði og Heilbrigðisstofnun Austurlands og leita eftir stuðningi. Allir aðilar lýstu áhuga á samstarfi og

mikilli þörf fyrir úrræði af þessu tagi. Veittur stuðningur fólst í kennslu og verknámsaðstöðu í Hallormsstaðarskóla og skólaakstri þangað auk daglegrar viðveru skólahjúkrunarfræðings í ME.

Námið

Skólaárin 2005–2007 hafði verið gerð tilraun með einstaklingsmiðað nám á almennri braut og var byggt á þeirri reynslu þegar námsframboð og námsskipulag fjölgreinabrautar var ákveðið.⁴ Stundaskrá nemenda á fjölgreinabraut, en þeir voru þrettán talsins, var ekki sú sama og annarra nemenda í skólanum, meðal annars vegna fyrirkomulags íþróttakennslu, morgunverðar og verknámsdags á Hallormsstað. En fyrst og fremst var það lengd kennslustunda sem olli því að fjölgreinabrautin varð „skóli í skólanum“ og stundaskrá nemenda ekki eins og annarra nemenda skólans. Hefðbundin kennslustund í ME var á þessum tíma ein klukkustund en ekki var talið æskilegt að hafa nemendur með athygli-, einbeitingar- og hegðunarerfiðleika í svo löngum kennslustundum. Ákveðið var að hver kennslustund á fjölgreinabraut yrði 30–40 mínútur.

Ekki var um neinar bundnar kennslustundir að ræða hjá nemendum í bóklegum greinum en sjálfvalið bóknám fór fram í svonefndu námsveri. Í námsveri voru nemendur að fást við ýmis bókleg fög á mismunandi stigum og á eigin hraða. Hugmyndafræðin að baki því var sú að nemendur gætu byggt á styrkleikum sínum og unnið í þeim greinum sem þeim hafði gengið best í áður. Aðrir tímar voru bundnir í stundatöflu nemenda. Nemendur voru í lífsleikni fjórum sinnum í viku auk sjónlista þar sem þeir stýrðu verkefnavali að flestu leyti í samráði við kennara.

Alla daga nema föstudaga byrjuðu nemendur skóladaginn á íþróttum. Íþróttatímar voru í umsjón tveggja aðila; sérfræðings í barnasjúkraþjálfun og íþróttakennara. Markmiðið með íþróttakennslunni var byggt á ákveðinni hugmyndafræði sem gengur út á það að nemendur með athygliefiðleika hafi gagn af kraftmikilli líkamsþjálfun. Sýnt hefur verið fram á að þjálfunin geti haft þau áhrif að auðvelda einbeitingu í tvær til þrjár klukkustundir að henni lokinni.⁵ Að loknum íþróttum var nemendum boðið í morgunmat í mötuneyti á heimavist skólans áður en þeir héldu í námsver að sinna bóklegu námi.

Nemendur fengu einnig kennslu í upplýsingatækni þar sem reynt var styrkja kunnáttu þeirra í grunnatriðum tölvunotkunar, veita þeim þjálfun í að nýta sér leitarvélar og senda tölvupóst. Einu sinni í viku fóru nemendur í Hússtjórnarskólann á Hallormsstað og fengu kennslu í matreiðslu hálfan daginn. Á Hallormsstað fór einnig fram kennsla í verknámsaðstöðu grunnskólans þar sem nemendur fengust við hönnun og keramiksmíð.

Breytingar voru gerðar á námsframboði á vorönn, ekki var lengur farið í verknám á Hallormsstað heldur var boðið uppá áfanga í náms- og starfsfræðslu, sjálfsstyrkingu, ljósmyndun og íþróttagrein.

Fjórir nemendur höfðu stundað námið á haustönninni af kappi og fóru í grunnáfanga á bóknámsbrautum, annars vegar ÍSL102 og hins vegar FÉL103. Þeir sinntu heimanámi í námsveri. Fyrir aðra nemendur var námsver með sama sniði og á haustönn; þeir unnu í sjálfvöldum bóknámsgreinum á sínum hraða. Íþróttirnar voru með óbreyttu sniði, sem og morgunverður í kjölfar þeirra. Nemendum var á vorönn boðið að fara út á vinnumarkaðinn sem hluta af námi á fjölgreinabraut. Þrír nemendur vildu taka þátt í því og var þeim úthlut-

⁴ Sigrún Harðardóttir og Tinna Kristbjörg Halldórsdóttir. (2011). Einstaklingsmiðað nám í framhaldsskóla: Sérstakur stuðningur við nemendur á almennri braut. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Mennta- vísindasvið Háskóla Íslands. Sjá <http://netla.khi.is/greinar/2011/alm/004.pdf>.

⁵ Sjá til dæmis Penman, H. (2011). The Impact of Physical Activity. Í A. Greene (ritstjóri). *The Education Students' Anthology*, 13, 23–26. The University of Winnipeg: Faculty of Education. Sótt á http://education.uwinnipeg.ca/pdf_files/anthology13.pdf#page=24.

að starfsþjálfunarplássi. Þessir nemendur mættu sjaldan í starfsþjálfunina og samkvæmt upplýsingum frá vinnuveitendum sýndu þeir lítið sjálfstæði og frumkvæði til vinnu.

Nemendur

Nemendur sem stunduðu nám á fjölgreinabraut voru þrettán. Um var að ræða níu stráka og fjórar stelpur sem komu víða að en þó kom meirihluti þeirra frá Fljótssdalshéraði. Í upprunalegri skýrslu höfunda⁶ er fjallað ítarlega um hvern nemanda en vegna persónuverndarsjónarmiða er sú umfjöllun tekin saman í *Töflu 1* og stuttri samantekt þar á eftir.

Tafla 1 – Nemendahópurinn – Kortlagning	
Náms- og sálfélagslegir erfiðleikar ¹⁾	Fjöldi (13)
ADHD	8 ²⁾
Dyslexia	13
Mótþróaþrjóscuröskun	3
Óyrtir námsörðugleikar	1
Tornæmisstig (70–85 IQ stig)	5
Tölvufíkn	2
Þunglyndi og/eða aðrir geðrænir erfiðleikar	6
Einstaklingsnámskrá í grunnskóla í öllum greinum	6 ³⁾
Einstaklingsnámskrá eingöngu í stærðfræði	3
Einstaklingsnámskrá eingöngu í ensku	1
Tók engin samræmd próf	7
Tók eitt eða fleiri samræmd próf en náði ekki neinu	3
Tók samræmd próf og náði einu	3 ⁴⁾
Nemandi færður yfir á starfsbraut í ME	3
Brottfall	2

1) Í töflunni er einungis vísað til staðfesta greininga frá viðeigandi sérfræðingum.

2) Grunur um ADHD hjá tveimur öðrum nemendum en ekki var farið í frekari greiningar til staðfestingar.

3) Nemendur voru misjafnlega staddir, allt frá því að vera í námsefni 5. bekkjar til námsefnis 10. bekkjar.

4) Í öllum tilfellum prófi í ensku.

Úr töflunni má lesa að nemendur glímdu við ýmsa erfiðleika og margir höfðu verið með einstaklingsnámskrár í grunnskóla. Þrír þeirra hefðu strax átt að hefja nám á starfsbraut, sem er braut fyrir fatlaða nemendur en ekki hafði verið lokið við greiningarferli þeirra í grunnskóla. Þegar í ljós kom að nemendur réðu illa við nám á fjölgreinabraut var greiningarferlið tekið upp að nýju til að tryggja nemendum viðeigandi þjónustu.

Nemendur fjölgreinabrautar voru flestir illa staddir félagslega, margir höfðu lent í einelti og sumir þjuggu við erfiðar aðstæður heima fyrir. Málum fimm nemenda var vísað til félagsþjónustu viðkomandi sveitarfélags til frekara samstarfs og úrvinnslu. Af þeim þrettán nemendum sem hófu nám á brautinni skólaárið 2007–2008 féllu aðeins tveir úr námi.

⁶ Sigrún Harðardóttir og Tinna Halldórsdóttir. (2008). „Ég hefði ekki tímt að sleppa þessu“: Skýrsla um fjölgreinabraut við ME 2007–2008. Egilsstaðir: Menntaskólinn á Egilsstöðum.

Mat á árangri

Frá upphafi var leitast við að mæla árangur tilraunaverkefnisins á ýmsa vegu til að afla upplýsinga sem gagnast gætu við að mæta þörfum þessa nemendahóps enn frekar og draga úr brottfalli. Aðferðir við árangursmat byggðu á viðurkenndum mælitækjum og rannsóknaraðferðum eigindlegra og meginlegra rannsóknahéðna. Mælitækin voru fjölbreytt en litið var til almennrar aðlögunar og brottfalls auk þess sem matslistar (ASEBA,⁷ CYRM⁸ og IDEAS⁹) voru lagðir fyrir. Með eigindlegum rannsóknaraðferðum er átt við gögn sem er safnað og innihalda skoðanir og túlkanir þeirra sem taka þátt í rannsókninni.¹⁰ Með rýnihópi, einstaklingsviðtölum og þátttökuathugunum var reynt að fanga rödd, upplifun og reynslu nemenda sjálfra af því að vera þátttakendur í þessu tilraunaverkefni sem fjölgreinabrautin var.¹¹ Mikilvægt er að hlusta vel á túlkun ungmenna á eigin veruleika og skilgreiningar þeirra á honum til að skilja hvaða merkingu þau leggja í tilveru sína. Þannig er hægt að skilja þarfir ungmenna frá þeirra eigin sjónarhorni og bregðast við í virku samspili og með þátttöku þeirra.¹² Með meginlegum aðferðum er átt við töluleg gögn og viðurkennda matslista. Hverju mælitæli og niðurstöðum þess eru gerð skil hér á eftir.

Árangur í námi

Nemendur á fjölgreinabraut voru allir með einstaklingsmiðað námsefni. Þess vegna var erfitt að bera þá saman innbyrðis. Einnig voru þeir að fara á milli skólastiga og því var erfitt að bera árangur þeirra saman við fyrri árangur. Bóklegu námi var hagað þannig að nemandinn stýrði vinnu sinni sjálfur með það að markmiði að byggja upp sjálfstæði og sjálfsöryggi til náms.

ASEBA

Matslistinn ASEBA¹³ var lagður fyrir alla nemendur á fyrstu fjórum til sex vikum haustannar 2007 til að kanna heildarfærni og líðan við upphaf náms. Matslistarnir hafa verið notaðir í ME síðan 2005 og niðurstöður hafa nýst við að greina styrkleika- og erfiðleikaþætti¹⁴ hjá nemendum. ASEBA er staðlað matstæki sem notað hefur verið um áratuga skeið hér á landi í rannsóknum og klínísku starfi. Listinn samanstendur af opnum spurningum um félagslega þætti, virkni og samskipti. Niðurstöður opnu spurninganna um félagslega stöðu og færni eru flokkaðar í þrjú þætti; virkni eða athafnasemi, félagsleg samskipti og virkni, frammistöðu í skóla og safnþáttinn heildarfærni. Auk opinna spurninga eru 112 spurningar þar sem viðkomandi merkir við á þriggja punkta skala hversu vel tiltekin atriði eiga við hann. Niðurstöður úr spurningunum 112 eru flokkaðar í yfirþættina líðan, hegðun og heildarvandi. Líðan samanstendur af þremur undirþáttum, kvíða/þunglyndi,

⁷ ASEBA, sjá <http://www.aseba.net/>.

⁸ CYRM, mælitæki sem mælir seiglu. Aðlagð með leyfi höfundar, Michael Ungar.

⁹ IDEAS, áhugapróf. Sjá <http://oregoncis.uoregon.edu/home/Products/CISforInternet/ExplorationToolsinCIS/IDEASAssessment/tabid/155/Default.aspx>.

¹⁰ Sjá til dæmis Creswell, J. (2007). *Qualitative research and design: Choosing among five approaches*, 2. útg. Thousand Oaks, CA: Sage.

¹¹ Esterberg, K. G. (2002). *Qualitative methods in social research*. Boston: McGraw Hill.

¹² James, A. og Prout, A. (1997). A new paradigm for sociology of childhood? Provenance, promise and problems. Í A. Prout og A. James (ritstjórar), *Constructing and reconstructing childhood: contemporary issues in the sociological study of childhood*, bls. 7–34. Falmer Press: London.

¹³ Sjálfsmatslistinn YSR; *Youth Self Report*, útgáfunúmer YSR 02-2004.

¹⁴ Achenbach, T. M. og Rescorla, L.A. (2001). *Manual for the ASEBA School-Age forms and Profile*. Burlington, VT: University of Vermont, Research Center for Children, Youth, and families.

Achenbach, T. M. og Rescorla, L. A. (2007). *Multicultural Supplement for the Manual for the ASEBA School-Age Forms and Profiles*. Burlington, VT: University of Vermont, Research Center for Children, Youth, and families.

Halldór Sig. Guðmundsson. (2007). Líðan og hegðun 11–18 ára barna innan barnaverndar á Íslandi. Sjónarhorn barna, kennara og starfsfólks. *Tímarit Félagsráðgjafa*, 2, 25–36.

Halldór Sig. Guðmundsson. (2006). Skimun og stöðluð matstæki. Í Sigrún Júlíusdóttir og Halldór Sig. Guðmundsson (ritstjórar), *Heilbrigði og heildarsýn: Félagsráðgjöf í heilbrigðisþjónustu*, bls. 242–256. Reykjavík: Háskólaútgáfan og RBF.

Helga Hannesdóttir. (2002). *Studies on child and adolescents mental health in Iceland*. Doktorsritgerð: Turku University, læknadeild.

hlédrægni og sálíkamlegum vanda. Hegðun samanstendur af tveimur þáttum; andfélagslegri hegðun og reiðitengdri hegðun. Undirþættirnir félagslegur vandi, hugsanaferli/-vandi og athygli-/einbeitingarvandi standa sjálfstætt en reiknast með í heildarvanda.

Allir nemendur fjölgreinabrautar skoruðu yfir viðmiðunarmörkum¹⁵ á einhverjum þáttum prófsins. Foreldrum og nemendum voru kynntar niðurstöðurnar í hverju tilfelli fyrir sig. Auk hegðunarvanda, tilfinningalegra og sálíkamlegra vandamála var áberandi hversu heildarfærni þeirra var slök, sem og félagsleg staða. Mikilvægi mælitækisins var ótvírætt við að kortleggja vanda nemenda og flýtti fyrir meðferð mála þannig að auðveldara var að vísa á viðeigandi sérfræðinga. Niðurstöður matslistanna voru sendar með greinargerðum þeirra nemenda er vísað var til frekari greininga ásamt samantektum sem nemendur tóku með sér í eftirlit til þeirra sérfræðinga sem höfðu sinnt þeim.

CYRM – seiglukvarði

Mælikvarðar á seiglu, *CYRM*,¹⁶ sem notaðir hafa verið erlendis voru þýddir af höfundum og lagðir fyrir nemendahópinn. Seigla segir til um hæfni eða getu einstaklings til að ná góðum alhliða þroska og árangursríkri aðlögun þrátt fyrir mótlæti. Seigla er talin verða til í samspili einstaklings við umhverfi sitt.¹⁷ Má því ætla að seigla sé sérlega mikilvæg nemendum sem glíma við fjölþættan vanda. Þeir seigluþættir sem *CYRM* mælir eru persónuleg hæfni, félagsleg hæfni, bjargráðafærni og samstöðukennd innan fjölskyldu. Niðurstöður á seiglukvarða bentu til líttillar seiglu nemenda sem birtist í því að þeir höfðu litla trú á sjálfum sér, voru vonlitlir og höfðu ekki jákvæðar væntingar til framtíðarinnar. Niðurstöður bentu ennfremur til þess að meirihluti nemenda væri óviss um hvort þeirra biði vís stuðningur fjölskyldu og vina þegar erfiðleikar steðjuðu að auk þess sem þeir virtust ekki þekkja þær félagslegu bjargir og úrræði sem eru til staðar í samfélaginu. Af þessum niðurstöðum má ráða að vandi nemenda hafi legið að hluta í því að þá skorti sjálfsbjargarviðleiti þegar þeir stóðu frammi fyrir vandamálum. Ennfremur að tengslaleysi við umhverfið, bæði fjölskyldu og stofnanir, hafi skapað þeim öryggi og vanda.

Áhugasviðspróf – IDEAS

Áhugi er grundvallarafl sem hvetur og stýrir mannlegri hegðun og tengist persónuleika einstaklings, þörfum hans og sjálfsmynd. Talið er að áhugi verði til í gegnum samvirkni á milli umhverfis- og erfðapátta og þeirra tækifæra sem einstaklingur fær í lífinu. Sumt af því sem einstaklingur gerir vel vegna hæfileika sinna vekur áhuga hjá honum. Áhugamat sem mælir starfsáhuga eru tölfræðilegar athuganir sem byggja á mælingum á störfum samborið við áhuga einstaklings.

Nemendur á fjölgreinabraut tóku áhugaprófið *IDEAS* en það byggir á kenningu John L. Holland.¹⁸ Kenning Hollands byggir á því að hægt sé að skipta megináhugasviðum fólks í sex flokka. Eiginleikar flokkanna vísa til viðfangsefna er veita einstaklingum ýmist ánægju eða ekki. Á þann hátt er hægt að kóða eiginleika einstaklings með tilliti til starfsánægju út frá þessum sex flokkum. Prófið ber skor próftaka saman við flokkana sex og út frá því er mögulegt að staðsetja próftaka í flokkana ásamt því að mæla undirliggjandi áhugasviðsþætti.

Niðurstöður úr áhugaprófinu leiddu í ljós að nemendur á fjölgreinabraut skoruðu mjög lágt á öllum þáttum prófsins sem þýðir að áhugi þeirra er undir viðmiðunarmörkum sambor-

¹⁵ Skor yfir viðmiðunarmörkum merkir að viðkomandi þáttur sé yfir klínískum mörkum, þ.e. að svör próftaka víki marktækt frá því sem talið er eðlilegt.

¹⁶ Ungar, M. (e.d.-a). *CYRM*, mælitæki sem mælir seiglu. Sjá handbók um listann, <http://resourcecentre.savethechildren.se/content/library/documents/child-and-youth-resilience-measure-cyrm-28>.

¹⁷ Ungar, M. (e.d.-b). Sjá vefsetrið <http://resilience.socialwork.dal.ca/>.

¹⁸ Leung, S. A. (2008). The big five career theories. Í J. A. Athanasou og R. Van Esbroeck (ritstjórar), *International Handbook of Career Guidance*, bls. 115–132. Springer Science + Business Media B. V.

ið við jafnaldra. Samkvæmt aldursviðmiðum starfsþroskakennningar Gottfredson¹⁹ eru þeir á fyrstu þrepum á stigi 9–13 ára barna, svokölluðu félagslegu mátunarstigi.²⁰ Nemendur höfðu lítið innsæi í eigin persónuleika, styrk, veikleika, áhuga og framtíðarhorfur. Illa gekk að fá þá til að gera sér í hugalund hvert þeir stefndu og má álykta að takmarkaðar upplýsingar og fræðsla um námserfiðleika þeirra ráði miklu um lítið innsæi. Rannsóknarniðurstöður hafa sýnt að þeir nemendur sem hafa upplifað margvíslegar hindranir í skólagöngu sinni glíma við erfiðleika við að þróa og útfæra starfsáhuga sinn og áætlanir. Nemendur með lesblindu eru í sérstökum áhættuhópi²¹ varðandi brottfall.²² Því er mikilvægt að leggja sérstaka áherslu á virka náms- og starfsfræðslu og ráðgjöf fyrir nemendur í áhættuhópum gagnvart brottfalli. Nemendur fjölgreinabrautar sögðu að þeir hefðu viljað fá fræðslu um nám og störf mun fyrr.

Þátttökuathugun

Gerðar voru tvær þátttökuathuganir²³ í kennslustundum í námsveri í febrúar 2008. Markmið þátttökuathugana var að fá innsýn í líðan og hegðun nemenda í námsveri. Niðurstöður þátttökuathugunar sýndu að nemendur áttu erfitt með að fara eftir fyrirmælum, voru órólegir og töluðu mikið hver í kapp við annan. Þeir voru sjálfhverfir og hvatvísir. Lært hjálparleysi þeirra var áberandi þar sem þeir áttu mjög erfitt með að vinna sjálfstætt og voru stanslaust að kalla á kennarann:

Tinna, Tinna, Tinna ... Hvað á ég að gera núna? Hvað á ég að gera næst?
Hvað þýðir þetta? Hvað á ég að lesa? Á ég að læra ensku eða íslensku?
Megum við fara? Ég er svangur?

Aðrir hlutir en námið fönguðu athygli þeirra og þeir voru lengi að koma sér að verki. Einn nemandi skrifaði einungis eitt orð í heilli kennslustund, annar lék sér með símann sinn og sá þriðji togaði í gardíurnar. Í annarri athuguninni hafði nemandi ekki tekið lyfin sín og gat hvorki verið kyrr né einbeitt sér að náminu, hann þurfti að yfirgefa stofuna til að taka lyfin sín og bíða eftir að þau virkuðu.²⁴ Nemendur tóku ekki ábyrgð á námi sínu, voru óöruggir og síspyrjandi. Samkvæmt niðurstöðum þátttökuathugana þurftu nemendur meiri aðstoð við námið en einn kennari gat veitt. Námsverið líktist félagsmiðstöð þar sem mikill tími fór í að ræða ýmis dagleg mál önnur en þau sem tengdust námi nemenda. Nemendum leið vel saman og mikið traust virtist komið í hópinn.

Rýnihópur

Rýnihópur²⁵ nemenda var settur saman í þeim tilgangi að fá fram viðhorf og upplifun nemenda af tilraunaverkefninu. Nemendur voru spurðir um líðan, væntingar um framtíðina og námið á fjölgreinabraut.

Nemendur voru fyrst spurðir um viðhorf sín til náms á fjölgreinabraut og hvað hefði reynst þeim vel. Að þeirra mati var námsverið að hjálpa þeim og þeim leið yfirleitt vel þar.

¹⁹ Gottfredson, L.S. (2002). Gottfredson theory of circumscription, compromise and self-creation, í D.Brown og félagar (ritstjórar), *Career choice and development*, 4. útg., bls. 85–148. San Francisco: Jossey-Bass.

²⁰ Þetta er þriðja stig samkvæmt kenningu Gottfredson. Á því mátar unglingurinn sig í félagsleg hlutverk og fer síðan að huga að starfsvali, t.d. því hvaða störf komi til álita fyrir hann.

²¹ Murray, C.; Goldstein, D.E.; Nourse, S. og Edgar, E. (2000). The postsecondary school and completion rates of high school graduates with learning disabilities. *Learning Disability Research and Practice*, 15, 119–127.

²² Vuori, J.; Koivisto, P.; Mutanen, P.; Jokisaari, M. og Salmela-Aro, K. (2008). Towards working life: Effects of an intervention on mental health and transition to post-basic education. *Journal of vocational behaviour*, 72, 67–80.

²³ Sjá til dæmis Bogdan, R. og Taylor, S. (1998). *Introduction to qualitative research methods: A guidebook and resource*, 3. útg. New York: Wiley.

²⁴ Nemendur áttu aukalyf hjá skólahjúkrunarfræðingi ef upp komu tilfelli eins og gleymaska við lyfjatöku.

²⁵ Sjá t.d. Esterberg, K. G. (2002). *Qualitative methods in social research*. Boston: McGraw Hill.

Stundum eru allir bara að læra og gera eitthvað ... það er enginn dagur eins ... ef það er ekki friður þá bara bíð ég með lærdóminn. Ég get til dæmis ekki lesið þarna inni – samt [er] svo þægilegt að hafa frjálsar reglur þegar maður þarf. Við þurfum hvíld, við fáum einstöku sinnum að fara smá stund í borðtennis inn á milli og þá líður manni betur þegar maður kemur inn því þá er maður miklu rólegri. Fáum oft að labba gangana eða skreppa inn í herbergi og ná í eitthvað.²⁶

Nemendur lýstu ákveðinni togstreitu með veru sína á fjölgreinabraut þrátt fyrir að vera ánægðir með námsverið. Þeir voru uppteknir af því að tilheyra hópnum „menntaskólanemar í ME“, og vildu vera með öðrum nemendum skólans en vissu að þeir gætu það ekki námslega. Í grunnskóla höfðu þeir allir verið hluti af bekk þrátt fyrir námslega stöðu. Þeir upplifðu neikvæða breytingu við að vera komið fyrir í sérúrræði og söknuðu þess að blandast ekki betur. Þeir voru viðkvæmir gagnvart viðhorfum annarra til sín og vildu hvorki vera hafðir sér né vera kallaðir „tossar“ eða „fatlaðir“. En þeir voru sjálfir mjög harðir í viðhorfum sínum til annarra svo sem kennara sem þeim líkaði ekki við. Nemendur töluðu um að það skipti þá miklu máli að kennarinn sýndi þeim skilning og virðingu.

Nemendur voru spurðir út í framtíðaráform sín sem voru fremur óljós og lítið tengd námslegri stöðu. Þeir voru sammála því að mikilvægt væri að mennta sig en gerðu sér litla grein fyrir framtíðarmöguleikum sínum. Það skipti þá miklu máli að vera áfram í skólanum því þeir sáu takmarkaða möguleika fyrir sig á vinnumarkaði.

Ég veit ekki. Kassavinnu örugglega?

Ég meina ef ég fer ekki á almennu braut, af fjölgreinabraut og það gengur illa, þá bara hætti ég, ég hef ekkert aðra leið.

Niðurstöður rýnihópaviðtals bentu til þess að nemendum liði vel í skólanum. Þó upplifðu þeir neikvæð umskipti frá grunnskólagöngu sinni þar sem þeir voru inni í bekk með jafnöldrum sínum yfir í það að vera í sérúrræði í framhaldsskóla. Þeir töldu sig hafa eflst sem námsmenn og voru ákveðnir í að halda áfram í skólanum þrátt fyrir að hafa fremur óljósa framtíðarsýn.

Einstaklingsviðtöl

Í einstaklingsviðtölum við nemendur var farið yfir líðan, stöðu og viðhorf til náms. Tekin voru nokkur viðtöl við hvern nemanda yfir skólaárið. Viðtölin voru hálf-stöðluð²⁷ þannig að endurtekið var spurt um ákveðna þætti eins og líðan, námsstöðu, sjálfsmynd og samskipti við félagaga. Nemendur gerðu sér litla grein fyrir eðli námserfiðleika sinna og vissu jafnvel ekki hvaða greiningar þeir höfðu fengið. Sumir höfðu jafnvel farið oft en einu sinni gegnum greiningarferli og í sálfræðiviðtöl en höfðu ekki innsýn eða vitneskju um hvaða erfiðleika þeir væru nákvæmlega að glíma við. Viðtölin voru meðal annars notuð til þess að fletta í gegnum greiningarniðurstöður sem fylgdu nemendum í ME og útskýra fyrir þeim niðurstöðurnar.

Samantekt

Af framansögðu má sjá hve tilraunaverkefnið var umfangsmikið. Það er metnaðarfullt verkefni að koma til móts við sértækar þarfir þessara nemenda. Í upphafi var lögð áhersla á það að afla fjölbreyttra gagna um framgang verkefnisins til að leggja mætti á það raunsætt mat. Markmiðið var ennfremur að kortleggja þennan nemendahóp sem hingað til hefur fallið úr námi snemma; oft á fyrstu önnum framhaldsskólanáms. Með því að kynna betur stöðu, líðan og viðhorfum nemenda vonuðumst við til þess að geta fundið út hvernig

²⁶ ME er heimavistarskóli.

²⁷ Esterberg, K. G. (2002). *Qualitative methods in social research*. Boston: McGraw Hill.

hægt væri að mæta þörfum þeirra sem glímdu við mikla námserfiðleika og sálfélagslegan vanda. Með úrræði eins og fjölgreinabraut eru nemendur að fá félagslegan stuðning og ráðgjöf í eins eðlilegum félagslegum aðstæðum og hugsast getur. Þeir eru innan um jafnaldra sína, stunda nám og fá tækifæri til að þroskast í hvetjandi umhverfi.

Í meginatriðum gekk tilraunaverkefnið vel. Nemendur fengust við verkefni í bóklegu námi sem höfðuðu til þeirra út frá eigin áhugasviðum og styrkleikum. Lítið brottfall var úr hópn-um sem bendir til þess að úrræðið hafi mætt þörfum þeirra. Samstarf og samvinna við foreldra var góð, foreldrar voru reglulega upplýstir um gengi og stöðu í námi. Að okkar mati skiptu þessi góðu tengsl og samstarf við foreldra miklu máli fyrir jákvæða útkomu tilrauna-verkefnisins.

Framkvæmd verkefnisins var þó ekki hnökralaus. Í fyrsta lagi má nefna að list- og verkgreinar virtust ekki höfða til nemenda. Það er í mótsögn við það almenna viðhorf að nemendur sem eru slakir í bóklegu námi finni sig betur í verknámi. Í öðru lagi virtist nemendum ekki líka að vera settir í úrræði sem var í öðrum takti en annað skólustarf (skóli í skólanum/önnur stundatafla). Þrátt fyrir að þeir hefðu allir fengið einhverja sérkennslu og jafnvel verið með einstaklingsnámskrár í grunnskóla þá virtust þeir ekki hafa upplifað þessa aðgreiningu eins sterkt þar.

Hvað þarf að gerast?

Nokkrar breytingar þurfa að eiga sér stað til að framhaldsskólakerfið geti mætt þörfum þessa nemendahóps. Jafnvel þyrfti að skoða hvort betra væri fyrir þá að vera lengur í grunnskóla. Nemendur hafa ekki þann námslega grunn sem nauðsynlegur er til að stunda nám á framhaldsskólastigi eins og það er í dag. Á framhaldsskólastiginu er lítill sveigjanleiki, t.d. hvað varðar yfirferð efnis í einstaka áföngum; nemendur geta t.d. ekki tekið áfanga á sínum hraða ef þeir þyrftu lengri tíma. Í slíku tilfelli myndi nemandi einfaldlega falla og þurfa að reyna aftur. Ennfremur er námsframboð yfirleitt með þeim hætti að nemendur þurfa að taka ákveðinn kjarna og jafnvel brautarkjarna sem inniheldur áfanga sem eru fjarri þeirra áhugasviði. Skortur á sveigjanleika framhaldsskólakerfisins endurspeglar berlega í því háa brottfalli sem hefur verið viðvarandi á Íslandi.

Mikilvægt er að kortleggja sem best þennan hóp nemenda sem hér er lýst með tilliti til sértækra þarfa þeirra. Þessir nemendur eru krefjandi og reyna oft verulega á kennara. Þekking og skilningur á sértækum námserfiðleikum og sálfélagslegum vandkvæðum þarf að vera til staðar innan skólanna. Við skólaskil er mikilvægt að framhaldsskólinn fái nægjar upplýsingar til að geta mætt þörfum nemandans, til að mynda er nauðsynlegt að vita hvernig hefur verið unnið með mál hans í grunnskóla, sem og þau úrræði sem reyndust best. Ennfremur er nauðsynlegt að einstaklingurinn sé sjálfur upplýstur um stöðu sína. Athyglisvert var að sjá að oft voru greiningarniðurstöður nemenda merktar á forsiðu:

Ekki ætlað börnum og ungmenum til aflestrar.

Þess lags vinnubrögð gefa til kynna að verið sé að þukrast með niðurstöðurnar og að fjall að sé um nemandann en ekki talað við hann. Ef niðurstöður eru kynntar á mjög tæknilegu fagmáli er ekki von til að viðkomandi barn/ungmenni skilji þær en hægt er að afhenda einfaldaða útgáfu þannig að nemendur verði þátttakendur í eigin greiningarferli en ekki bara viðföng.

Samábyrgð margra aðila þarf að koma til; samvinna félagsþjónustu, heilbrigðiskerfis og menntastofnana er forsenda þess að hægt sé að koma til móts við þarfir nemenda. Nám þeirra þarf að vera einstaklingsmiðað auk þess sem styðja þarf nemendur við að efla seiglu og jákvæða sjálfsmynd. Seigla nemenda í þessari stöðu er lykilforsenda velgengni í námi og starfi. Mikilvægt er að leita sem flestra leiða til að auka færni þessara nemenda

á breiðum grunni. Náms- og sálfélagslegur vandi og lág félagsleg staða eru samkvæmt Rumberger áhættuþættir²⁸ gagnvart brottfalli úr skóla og þar með slakri félagslegri stöðu í lífinu svo sem fátækt, atvinnuleysi og afbrotum.²⁹ Meiri tíma og fræðslu þyrfti að veita nemendum um greiningar sínar því erfitt er að ætlast til þess að þeir byggja upp seiglu og styrk ef þeir þekkja ekki hamlanir sínar. Ennfremur þarf að styðja við foreldra og fjölskyldur þessara nemenda frá því að erfiðleikar byrja að koma upp á skólagöngunni.

Mikilvægt er að nemendur séu virkir þátttakendur í að hanna og útfæra þau úrræði sem eiga að gagnast þeim. Einhliða innleiðing menntastofnana á hugmyndafræðilega fallegum lausnum mun ekki skila tilætluðum árangri. Gott dæmi um slíkan skort á samskiptum við nemendur var ákvörðun okkar í ME að nemendur fjölgreinabrautar fengju að blómstra í verklegri iðn á Hallormsstað. Veruleikinn var hins vegar sá að nemendur voru mjög mótfallnir þátttöku í verkgreinum og vildu mun frekar sitja við bóklegt nám.

Nemendur sem búa við margþættan vanda þurfa þverfaglega nálgun sem felst í ýmsu öðru en kennslu þótt máli skipti að mæta námslegum þörfum þeirra og aðstoða þá við að gera raunhæfar áætlanir sem varða nám og störf. Það krefst öflugrar nemendaþjónustu innan skóla að geta sinnt því hlutverki og spurningar vakna um hvort verkefnið eigi að vera á meginábyrgð framhaldsskóla. Þverfagleg samvinna er lykillinn að því að mæta þessum nemendum, draga úr brottfalli og bæta samfélagslega stöðu þeirra.

Niðurstöður þessa tilraunaverkefnis leiddu okkur áfram á þá braut að þróa aðferðir til að efla trú nemenda á eigin getu í námi. Í næstu grein er sagt frá tilraunaverkefni þar sem hugmyndafræði Alberts Bandura um trú á eigin getu var útfærð.

Heimildir

Achenbach, T. M. og Rescorla, L. A. (2007). *Multicultural Supplement for the Manual for the ASEBA School-Age Forms and Profiles*. Burlington, VT: University of Vermont, Research Center for Children, Youth, and families.

Achenbach, T. M. og Rescorla, L.A. (2001). *Manual for the ASEBA School-Age forms and Profile*. Burlington, VT: University of Vermont, Research Center for Children, Youth, and families.

ASEBA á Íslandi. Sótt af <http://www.aseba.net/>

Bandura, A. (1997). *Self-efficacy: The exercise of control*. New York: Freeman.

Bogdan, R. og Taylor, S. (1998). *Introduction to qualitative research methods: A guidebook and resource*, 3. útg. New York: Wiley.

Creswell, J. (2007). *Qualitative research and design: Choosing among five approaches*, 2. útg. Thousand Oaks, CA: Sage.

Esterberg, K. G. (2002). *Qualitative methods in social research*. Boston: McGraw Hill.

Gottfredson, L. S. (2002). Gottfredson theory of circumscription, compromise and self-creation. Í D.Brown og félagar (ritstjórar), *Career choice and development*, 4. útg., bls. 85–148. San Francisco: Jossey-Bass.

²⁸ Rumberger, R.,W. (1987). High school dropouts. A review of issues and evidence. *Review of Educational Research*, 57(2), 101–121.

²⁹ Sigrún Júlíusdóttir. (2012). *Börnin og framtíðin: Forvarnir, eitt, tvö og þrjú*. Erindi á málþingi RBF og Lions í febrúar 2012. Sjá http://www.rbf.is/sites/files/rbf/file_attach/SJ%20Lions%2023%20febr%20kynning%20RBF%20.pdf.

„Þá bara hætti ég, ég hef ekkert aðra leið“:
Fjölgreinabraut í Menntaskólanum á Egilsstöðum

Halldór Sig. Guðmundsson. (2006). Skimun og stöðluð matstæki. Í Sigrún Júlíusdóttir og Halldór Sig. Guðmundsson (ritstjórar), *Heilbrigði og heildarsýn: Félagsráðgjöf í heilbrigðisþjónustu*, bls. 242–256. Reykjavík: Háskólaútgáfan og RBF.

Halldór Sig. Guðmundsson. (2007). Líðan og hegðun 11–18 ára barna innan barnaverndar á Íslandi. Sjónarhorn barna, kennara og starfsfólks. *Tímarit Félagsráðgjafa*, 2, 25–36.

Helga Hannesdóttir. (2002). *Studies on child and adolescents mental health in Iceland*. Doktorsritgerð: Turku University, læknadeild.

IDEAS, áhugapróf. Sjá nánar: <http://oregoncis.uoregon.edu/home/Products/CISforInternet/ExplorationToolsinCIS/IDEASAssessment/tabid/155/Default.aspx>

James, A. og Prout, A. (1997). A new paradigm for sociology of childhood? Provenance, promise and problems. Í A. Prout og A. James (ritstjórar), *Constructing and reconstructing childhood: contemporary issues in the sociological study of childhood*, bls. 7–34. London: Falmer Press.

Leung, S. A. (2008). The big five career theories. Í J. A. Athanasou, R. Van Esbroeck (ritstjórar), *International Handbook of Career Guidance*, bls. 115–132. Springer Science + Business Media B.V.

Murray, C.; Goldstein, D. E.; Nourse, S. og Edgar, E. (2000). The postsecondary school and completion rates of high school graduates with learning disabilities. *Learning Disability Research and Practice*, 15(3), 119–127.

Penman, H. (2011). The impact of physical activity. Í A. Greene (ritstjóri), *The Education Students' Anthology*, 13, bls. 23–26. The University of Winnipeg: Faculty of Education. Sótt af http://education.uwinnipeg.ca/pdf_files/anthology13.pdf#page=24

Rumberger, R. W. (1987). High school dropouts. A review of issues and evidence. *Review of Educational Research*, 57(2), 101–121.

Sigrún Harðardóttir og Tinna Kristbjörg Halldórsdóttir. (2011). Einstaklingsmiðað nám í framhaldsskóla: Sérstakur stuðningur við nemendur á almennri braut. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2011/alm/004.pdf>

Sigrún Júlíusdóttir. (2012). *Börnin og framtíðin: Forvarnir, eitt, tvö og þrjú*. Erindi á málþingi RBF og Lions í febrúar 2012. Sótt af http://www.rbf.is/sites/files/rbf/file_attach/SJ%20Lions%2023%20febr%20kynning%20RBF%20.pdf

Tinna Halldórsdóttir og Sigrún Harðardóttir. (2008) „Ég hefði ekki tímt að sleppa þessu“: *Skýrsla um fjölgreinabraut við ME 2007–2008*. Egilsstaðir: Menntaskólinn á Egilsstöðum.

Ungar, M. (e.d.-a). CYRM, mælitæki sem mælir seiglu. Sótt af <http://resourcecentre.savethechildren.se/content/library/documents/child-and-youth-resilience-measure-cyrm-28>

Ungar, M. (e.d.-b). CYRM, mælitæki sem mælir seiglu. Sótt af <http://resilience.socialwork.dal.ca/>

Vuori, J.; Koivisto, P.; Mutanen, P.; Jokisaari, M. og Salmela-Aro, K. (2008). Towards working life: Effects of an intervention on mental health and transition to post-basic education. *Journal of vocational behaviour*, 72, 67–80.



Tinna Kristbjörg Halldórsdóttir og Sigrún Harðardóttir. (2012).
„Þá bara hætti ég, ég hef ekkert aðra leið“: Fjölgreinabraut í Menntaskólanum á Egilsstöðum
Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.
Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2012/alm/006.pdf>